

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Lind í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. ágúst 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Lind í Ölfusi. Deiliskipulagið markar byggingarreiti fyrir þrjú hús og þrjú frístundahús auk tveggja bygginga til landbúnaðarnota í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Lindarbæ í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. ágúst 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Lindarbæ í Ölfusi. Upprunalandinu er skipt í tvær lóðir og markaður er byggingarreitur fyrir íbúðarhús á báðum lóðunum í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi þjónustumiðstöðvar við Egilsbraut 9 og íbúða fyrir aldraða.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 24. september 2020, breytingu á deiliskipulagi þjónustumiðstöðvar við Egilsbraut 9 og íbúða fyrir aldraða. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir 10 nýjum lóðum fyrir rað- og parhús, samtals 24 íbúðir, ásamt viðbyggingu við dvalarheimilið Egilsbraut 9. Við breytinguna er gert ráð fyrir stækkun deiliskipulagssvæðisins. Innan afmörkunar þess eru jafnframt 8 þegar byggð parhús við Mánabraut.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Porlákshöfn, 29. október 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2020